



Segja líftryggingu falsöryggi

Foreldrar ungs manns sem lést í umferðarslysi átelja tryggingafélag sonar síns vegna vinnubragða við sölu trygginga til mannsins. Líftrygging sonar þeirra gekk til fyrrum konu hans en ekki til lögerfingja.

»»10

24 Stundir

Tuesday, 29 January 2008, p. 1



Líftrygging til lítils

■ Foreldrar manns sem lést í umferðarslysi átelja tryggingafélag ■ Líftrygging gekk til fyrrum konu mannsins en ekki lögerfingja ■ Gat ekki breytt réttthafa tryggingarinnar

Eftir Frey Rögnvaldsson
freyr@24stundir.is

Foreldrar ungs manns sem lést í umferðarslysi í Grímsnesi á síðasta ári átelja tryggingafélag mannsins harðlega fyrir það sem þeim finnst óeðlileg vinnubrögð varðandi líftryggingu hans. Sonur þeirra keypti ásamt unnustu sinni, sem hann síðan gekk í hjónaband með, líftryggingu hjá KB Líf árið 2001. Þau skildu síðan lögskilnaði árið 2004. Árið 2005 áttaði maðurinn sig á því að hann væri enn að borga af líftryggingu konunnar. Þegar hann hafði samband við tryggingafélagið til að breyta því kom í ljós að fyrrum kona mannsins var enn skráð sem réttthafi líftryggingar hans. Þegar til tók kom í ljós að skilmálar tryggingarinnar voru þannig að tilnefning konunnar var óafturkallanleg nema með samþykki og undirskrift hennar. Þar sem skilnaðurinn hafði orðið með mikilli ósátt var það hins vegar ekki auðvelt mál. Áður en til þess kom að undirskrift konunnar fengist lenti maðurinn í umferðarslysi og lést. Af þeim sökum gekk líftrygging mannsins til fyrrverandi konu hans en ekki til lögerfingja.

Tryggingafélag bauð ekki hjálp

Ásta Gunnlaugsdóttir og Björn Guðjónsson, foreldrar unga mannsins, furða sig á því að til sé líftrygging með ákvæðum sem þessum. „Við skiljum ekki hvers vegna tryggingafélagin bjóða upp á tryggingu af þessu tagi. Okkur finnst óskiljanlegt að fólk geti lent í þeirri aðstöðu að geta ekki losnað undan því að líftrygging þeirra renni til fólks sem er því ekki leng-



Reið Ásta og Björn eru reið yfir því hvernig haldið var á málum sonar þeirra hjá tryggingafélaginu.

ur tengt. Við vitum að tryggingafélagið býður fólki upp á aðstoð víðað fú undirskrift réttthafa til að breyta því hvert líftryggingin rennur. Við vitum líka að honum var ekki boðin slík aðstoð. Honum var ráðið frá því að segja tryggingunni upp til að losna undan þessu. Það finnst okkur afar undarlegt.“

Ekkí upplýstur um breytingar

Ásta og Björn fengu upplýsingar um það eftir andlát sonar þeirra að líftrygging fyrrverandi konu hans, sem hann hafði verið réttthafi að, væri ekki í gildi vegna þess að af henni hafði ekki verið greitt. Um það hafði hann ekki fengið neinar upplýsingar. „Okkur finnst þetta afar árnælisvert. Sonur okkar er ekki látinn vita af því að hann sé ekki lengur réttthafi að líftryggingunni. Þó gat hann ekki breytt því hver var réttthafi að tryggingu sinni án samþykkis. Hvernig er þetta

TRYGGINGAFÉLAG

- **Kaupþingi Líftryggingu, áður KB Líf, var boðið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við vinnslu fréttarinnar.**
- **Ekkí var farið fram á að félagið tjáði sig sérstaklega um mál mannsins heldur almennt um vinnulag þess.**
- **Því boði var hafnað af hálfu tryggingafélagsins.**

réttlætlanlegt af hálfu tryggingafélagsins? Ef þú stendur í skilum og greiðir ertu réttlaus, en ef þú greiðir ekki er tryggingin bara felld niður og réttthafanum kemur það ekkert við.“

Finnst líftryggingin falsöryggi

Ásta og Björn segja að það sé óljóst hversu mikill kostnaður það sé sem þau þurfa að standa straum af

vegna málsins alls en þau séu lögerfingjar að eignum og skuldum sonar síns. Það sé enda ekki sá hluti sem þau séu óánægð með heldur sú staðreynd að líftrygging sonar þeirra renni ekki til lögerfingja sem þurfi að standa straum af öllum kostnaði.

„Okkur finnst líftrygging sonar okkar hafa verið falsöryggi. Til hvers er líftrygging ef hún er borguð til fólks úti í bæ sem á engra hagsmuna að gæta. Það er síðan undir samvisku þess fólks komið hvort lögerfingjar sitja í skuldastúpu eða geta tekist á við sorgina nokkuð áhyggjulaust út af fjármálum. Það er ekki eðlilegt að fólk geti ekki breytt því hvert líftryggingafélag þess rennur. Þetta snýst ekki um fjárhagslegan skaða okkar heldur að vekja athygli á því að málum geti verið svona háttáð.“

HVAÐ VANTAR UPP Á?

Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á frettir@24stundir.is

24 Stundir

Tuesday, 29 January 2008, p. 10

